

Verklag vegna umsókna um rafræn skilríki fyrir fósturbörn

Þegar barn í fóstri sækir um rafræn skilríki gildir eftirfarandi verklag:

- Starfsmaður barnaverndarþjónustu fyllir út eyðublaðið **staðfesting barnaverndarþjónustu á fóstri barns** (sjá á heimasíðu BOFS)
 - Starfsmaðurinn skal undirrita eyðublaðið og stimpla með stimpli stofnunar
 - Undirritað eyðublað er skannað inn og sent á Auðkenni með rafrænum hætti í gegnum Signet
 - Auðkenni tekur staðfestinguna til vinnslu og umsókn um rafræn skilríki fyrir barnið er stofnuð
- Auðkenni sendir fósturforeldra/um tölvupóst þar sem fósturforeldri/um er tilkynnt um að umsókn barns um rafræn skilríki sé skráð og að þeim sé unnt að undirrita umsókn barnsins. Nánari leiðbeiningar birtast í tölvupóstinum (*tölvupósturinn er sendur þegar staðfesting barnaverndarþjónustu hefur verið móttækin og vensl fósturforeldris/a við fósturbarn hefur verið skráð hjá Auðkenni*)
- Fósturforeldri/ar undirrita umsókn barnsins um rafræn skilríki
 - Hægt er að undirrita umsókn barns á mínum síðum á heimasíðu Auðkennis eða á afgreiðslustöðum Auðkennis (ATH: einungis **eftir að Auðkenni hefur staðfest móttöku umsóknarinnar við fósturforeldra**)
 - Ef fósturforeldri/ar velja að fara á afgreiðslustöð þá er mikilvægt að hafa gilt persónuskilríki (ekki rafrænt) meðferðis.
 - **ATH:** Fósturforeldri/ar þurfa ekki að framvísa gögnum með upplýsingum um fóstur ef þau velja að fara á afgreiðslustað (**Auðkenni hefur á þeim tíma þegar tengt saman fósturforeldra og fósturbarn á grundvelli staðfestingar barnaverndarþjónustu til Auðkennis.**
- Rafræn skilríki eru afgreidd.

Þegar afturkalla á heimild fyrrum fósturforeldra til að staðfesta umsókn fósturbarns um rafræn skilríki:

- Starfsmaður barnaverndarþjónustu fyllir út eyðublaðið **Afturköllun barnaverndarþjónustu á heimildum fósturforeldris/a** (sjá á heimasíðu BOFS)
 - Starfsmaður skal undirrita eyðublaðið og stimpla með stimpli stofnunar

- Undirritað eyðublað er skannað inn og sent á Auðkenni með rafrænum hætti í gegnum Signet

Mælst er til þess að forsjáraðilum sé kynnt að fósturforeldrar hafi heimild til og geta borið ábyrgð á að sækja um rafræn skilríki fyrir börn á meðan á fóstri varir.

Vakin er athygli á að ef um er að ræða endurnýjun á rafrænum skilríkjum (ef þau hafa runnið út eða t.d. PIN-númer hefur glatast) þá á sama ferli við og lýst er að ofan. Sé um að ræða endurnýjun frá því fyrir fóstur þá munu forsjáraðilar fá upplýsingar um afgreiðsluna, auk fósturforeldra.

Sjá nánari upplýsingar, m.a. um gild persónuskilríki og afgreiðslustaði Auðkennis, á www.audkenni.is

Gefið út 8. mars 2024